



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
Skúlagötu 4
101 Reykjavík
anr@anr.is

Reykjavík, 23. mars 2021

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um (3.) breytingu á reglugerð nr. 1294/2014, um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda

Hinn 10. mars 2021 birti atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 1294/2014, um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, á samráðsgátt stjórnvalda, Ísland.is. Drögin hafa verið tekin til skoðunar á vettvangi Samtaka atvinnulífsins og SVP – Samtaka verslunar og þjónustu (hér eftir sameiginlega nefnd *samtökin*).

Skilningur samtakanna er sá að efni draganna eigi a.m.k. að hluta rót sína að rekja til tillagna samráðshóps um betri merkingar matvæla, þ.e. tillagna sem koma fram á bls. 23 og 24 í skýrslu hópsins frá 9. september 2020. Að mati samtakanna lá það markmið til grundvallar tillögugerð samráðshópsins að nýta bæri nútímatækni og nútímamöguleika í því skyni að tryggja neytendum bæði lögboðnar og valfrjálsar upplýsingar um matvæli. Notkunartíðni veraldarvefsins og snjalltækja er há á Íslandi og í því ljósi hafa stjórnvöld markvisst unnið að því að færa stjórnsýslu og samskipti við borgarana á stafrænt form. Til grundvallar þeirri viðleitni liggja sjónarmið um aðgengi, gagnsæi og skilvirkni.

Stafræn birting neytendaupplýsinga ætti að draga úr umstangi við undirbúning vörusölu og þar með stuðla að lægri viðskiptakostnaði. Mikilvægt er að tryggja að slík birting sé gerð með þeim hætti að komi ekki niður á upplýsingagjöfni sjálfri, m.a. í ljósi alþjóðlegra skuldbindinga. Í takt við tíðarandann hafa neytendur kallað eftir ítarlegri og sérgreindari upplýsingagjöf og hefur það ákall m.a. endurspeglast í tillögum stjórnámálanna um viðbótarmerkingar, t.d. hvað varðar lyfjanotkun, kolefnisfótspor og hollustu vara. Verulegar samlegðar ætti að gæta milli lögbundinnar upplýsingagjafar um matvæli og valkvæðrar. Ætti rafræn birting upplýsinga um matvæli að stuðla að aukinni upplýsingagjöf, samkeppni og jafnvel sérhæfingu í samskiptum við neytendur. Ábati neytenda ætti þannig að koma fram í ríkari upplýsingum og þar með bættri stöðu við val á matvælum.

Í framangreindu ljósi vekur það nokkra athygli að af skýringum sem koma fram á samráðsgáttinni virðist mega ráða að reglugerðarbreytingunni sé í meginatriðum ætlað gegna hlutverki viðbragða við álitamálum sem m.a. hafa skapast vegna útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu. Það er ljóst að viðskiptakostnaður vegna merkinga matvæla sem eru flutt inn frá ríkjum utan EES-svæðisins er hár. Ef vel tekst til ætti rafræn upplýsingagjöf að geta dregið umtalsvert úr þeim kostnaði.



Að mati samtakanna er efni reglugerðardraganna jákvætt. Hins vegar telja samtökin að lengra hefði mátt ganga og gefa beinlínis til kynna í skýringum á samráðsgáttinni hvernig áformuð reglugerðarbreyting samræmist tillögum samráðshóps um betri merkingar matvæla, hver næstu skref í þessa veru verða og hver sé ætluð gagnsemi þeirra. Ganga þarf úr skugga um að leiðin sem verður farin samræmist alþjóðlegum skuldbindingum.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins og SVP – Samtaka verslunar og þjónustu

A handwritten signature in black ink that reads 'Pétur Reimarsson'.

Pétur Reimarsson
verkfræðingur á samkeppnishæfnisviði SA

A handwritten signature in blue ink that reads 'Benedikt S. Benediktsson'.

Benedikt S. Benediktsson
lögfræðingur SVP